

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 27. júní 1994

um aukna lögvernd fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum til að ná til aðila frá Bandaríkjum Norður-Ameríku(*)

(94/373/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 87/54/EBE frá 16. desember 1986 um vernd svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum ⁽¹⁾, einkum 7. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Réttur til lögverndar fyrir svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum í bandalaginu nær til aðila sem eiga rétt á vernd samkvæmt 1. til 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 87/54/EBE.

Heimilt er að auka umfang þessa réttar með ákvörðun ráðsins svo að hann nái til þeirra aðila sem njóta ekki verndar samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum.

Æskilegt er að ákvörðun um aukna vernd sé tekin fyrir bandalagið í heild, að því marki sem unnt er.

Frá 7. nóvember 1987 hefur vernd sú sem hér um ræðir verið aukin, með nokkrum bráðabirgðaákvörðunum ráðsins ⁽²⁾, síðast með ákvörðun 94/4/EB, þannig að hún nái til Bandaríkja Norður-Ameríku.

Framangreind ákvörðun gildir til 1. júlí 1994.

Frá 26. október 1990 hefur þessi vernd verið aukin svo að hún nái til fyrirtækja og annarra lögpersóna í Bandaríkjum Norður-Ameríku og framkvæmdastjórnin hefur frá þeim degi hvað eftir annað ⁽³⁾ staðfest að Bandaríkin uppfylli skilyrðið um gagnkvæmni sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. í framangreindri ákvörðun.

Síðasta ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar þar sem slíkt er staðfest er ákvörðun 94/142/EB sem gildir til 1. júlí 1994.

Í Bandaríkjum Norður-Ameríku gilda viðeigandi ákvæði á þessu sviði og vænst er að svæðislýsingar smárása muni áfram njóta verndar samkvæmt landslögum og að sú vernd muni standa til boða einstaklingum, fyrirtækjum og öðrum lögpersónum frá aðildarríkjum bandalagsins, sem eiga rétt á vernd samkvæmt tilskipun 87/54/EBE.

Öll aðildarríki Evrópubandalagsins hafa nú samþykkt innlend ákvæði til framkvæmdar tilskipun 87/54/EBE.

Rétt er að láta umrædda vernd ná til Bandaríkja Norður-Ameríku fram að 1. júlí 1995, uns samningur um hugverkarétt í viðskiptum kemur til framkvæmda en hann er hluti af niðurstöðum marghliða viðskiptaviðræðna Úrúgvælotunnar sem falla undir Marrakesh-lokagerðina frá 15. apríl 1994.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:**1. gr.**

1. Aðildarríkin skulu auka umfang þeirrar lögverndar sem kveðið er á um í tilskipun 87/54/EBE með eftirfarandi hætti:
 - a) einstaklingar, sem eru ríkisborgarar í Bandaríkjum Norður-Ameríku eða sem hafa fasta búsetu á yfirráðasvæði Bandaríkja Norður-Ameríku skulu fá sömu meðferð og væru þeir ríkisborgarar aðildarríkis;
 - b) fyrirtæki og aðrar lögpersónur í Bandaríkjum Norður-Ameríku sem starfrækja raunveruleg og virk iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki í því landi skulu fá sömu meðferð og þeir sem starfrækja raunveruleg og virk iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki á yfirráðasvæði aðildarríkis.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 170, 5. 7. 1994, bls. 34, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/95 frá 27. janúar 1995 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 24, 27. 1. 1987, bls. 36.

(2) Ákvörðun 87/532/EBE (Stjttíð. EB nr. L 313, 4. 11. 1987, bls. 22), 90/511/EBE (Stjttíð. EB nr. L 285, 17. 10. 1990, bls. 31), 93/16/EBE (Stjttíð. EB nr. 11, 19. 1. 1993, bls. 20), 94/4/EB (Stjttíð. nr. L 6, 8. 1. 1994, bls. 23).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/541/EBE (Stjttíð. EB nr. L 307, 7. 11. 1990, bls. 21), 93/217/EBE (Stjttíð. EB nr. L 94, 20. 4. 1993, bls. 30), 94/142/EB (Stjttíð. EB nr. L 61, 4. 3. 1994, bls. 30)

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá og með 2. júlí 1994.

Aðildarríkin skulu auka umfang lögverndar samkvæmt þessari ákvörðun þannig að hún nái til aðilanna sem um getur í 1. gr. fram að 1. júlí 1995.

Allur einkaréttur sem hefur áunnist samkvæmt ákvörðun 87/532/EBE, 90/511/EBE, 93/16/EBE, 94/4/EB eða þessari ákvörðun skal gilda áfram þann tíma sem mælt er fyrir um í tilskipun 87/54/EBE.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 27. júní 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

C. SIMITIS

forseti.